



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 10.05.2019
Tilvísun 1904093/13.4

Alþingi mál nr. 778

Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og Þjóðgarða

Þann 12. apríl s.l. sendi nefndarsvið Alþingis fh. umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða til umsagnar hjá Fjarðabyggð. Gefin var umsagnarfrestur til 9. maí 2019.

Eftirfarandi er veitt umsögn Fjarðabyggðar um frumvarpið:

Lögð fram beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dagsett 12. apríl 2019, um umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál. Umsagnarfrestur er til 9. maí næstkomandi.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd telur drögin að lögum um Þjóðgarðastofnun og Þjóðgarða áhugaverð að því leyti að áherslum á aðkomu hagsmunaaðila að ákvörðunartöku á friðlýstum svæðum en bendir jafnframt á að skýra þarf vel tilgang og stjórnsýslulegan rétt hverra nefnda, ráða og stjórna. Eins og löggin eru sett upp er stjórnsýslan flókin og því mikilvægt að við gerð reglugerða séu stefnur og markmið skýr. Í 3. tl. 4 gr. er fjallað um þolmörk svæða og telur nefndin að í lögum skuli geta sérstaklega um „þolmörk samfélaga“ vegna ágangs ferðamanna á svæði.

Anna Berg Samúelsdóttir
Umhverfisstjóri